

Alþingi
Erindi nr. P 141/1921
komudagur 11.3.2013



Alþingi- atvinnuveganefnd
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2013
Tilvísun: 2013030017
HrH/BH

Efni: Umsögn um frumvarp til laga 633. mál, vegna atvinnustarfsemi í landi Bakka í Norðurþingi.

Í frumvarpinu er ráðherra, f.h. ríkissjóðs, m.a. heimilt að fengnum heimildum í fjárlögum, að semja við Vegagerðina um gerð vegtengingar milli Húsavíkurhafnar og iðnaðarsvæðisins á Bakka sem kostar allt að 1.800 m.kr. miðað við verðlag í lok árs 2012. Þótt ekki sé hér um að ræða vegamannvirki sem ætluð eru fyrir almenna umferð telur Vegagerðin eðlilegt að þekking og reynsla stofnunarinnar á viðlíka mannvirkjagerð verði nýtt í þessu samhengi. Lögð er áhersla á að fjármögnun komi frá sérstökum framlögum og dragi ekki í neinu úr framlögum til vegamála. Þá skal bent á að framangreind kostnaðaráætlun byggir á frumdrögum að hönnun mannvirkja, miðað við fyrirliggjandi rannsóknir, og að tryggja verður fjármagn til framkvæmdanna allt til loka, jafnvel þótt kostnaður yrði meiri en reiknað er með í núverandi áætlun.

Tekið er undir þá spurningu fjárlagaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytis hvort fjárveiting ríkissjóðs til vegaf framkvæmda þessara ætti ef til vill frekar að renna til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, sem taki þar með ábyrgð á framkvæmdunum og skuldbindandi samningum, en samið yrði við Vegagerðina um stjórnun og umsjón með gerð mannvirkjanna.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri